

Fundargerð 9. fundar

Samráðshóps um málefni aldraðra í Hrunamannahreppi.

Þriðjudag 22.04.2025 í Félagsheimili Hrunamanna veitingasal

kl. 16.00 2. fundur ársins

Mættir: Þröstur Jónsson, Anna E. Ipsen, Guðrún Alfreðsdóttir,
Stefán Arngrímsson og Hjörleifur Ólafsson.

1. Farið yfir fundargerð fjórða fundar Öldungaráðs frá 02.04.2025. Samráðshópurinn tekur eftir að enginn varamaður er skipaður fyrir fulltrúa heilsugæslunnar í Öldungaráði, því þyrfti að breyta.
2. Bókun hreppsnefndar 10. apríl *Sveitarstjórn samþykkir að vísa mannréttindastefnunni til umsagnar í Samráðsnefnd um öldrunarmál og til Ungmennaráðs*
Við fögnum því að komin sé þessi stefna og ætlumst til að unnið sé eftir henni.
3. Einmanaleiki og félagsleg einangrun
Samráðshópurinn leggur til að Öldungaráð beiti sér fyrir því að kanna einmanaleika hjá eldra fólki á svæðinu í samráði við félagsþjónustuna.
4. Næsti fundur samráðshópsins verður 07.09.2025 auk fundar með Hreppsnefnd .

Fundi slitið kl.17.40